 Fjölbrautaskóli Suðurlands	<b>FÉLA1SA05</b> <b>ERGÓ A</b> Námsáætlun haustönn 2023
---	---

#### Kennarar:

Hópur 1: Ingunn Helgadóttir (IH) [ingunn@fsu.is](mailto:ingunn@fsu.is) og Tómas Davíð Ibsen Tómasson (TDT) [tomas@fsu.is](mailto:tomas@fsu.is)

Hópur 2: Anna Kristín Valdimarsdóttir (AKV) [annakristin@fsu.is](mailto:annakristin@fsu.is) og Ragnheiður Eiríksdóttir (RE) [ragnheidure@fsu.is](mailto:ragnheidure@fsu.is)

Hópur 3: Elvar Ingimundarson (EI) [elvari@fsu.is](mailto:elvari@fsu.is) og Guðmundur Björgvin Gylfason [gbg@fsu.is](mailto:gbg@fsu.is)

Hópur 4: Sölvi Snær Jökulsson (SSJ) [solvis@fsu.is](mailto:solvis@fsu.is) og Ragnheiður Eiríksdóttir (RE) [ragnheidure@fsu.is](mailto:ragnheidure@fsu.is)

Hópur 5: Hekla Þöll Stefánsdóttir (HPS) [hekla@fsu.is](mailto:hekla@fsu.is) og Ester Ýr Jónsdóttir (EÝJ) [ester@fsu.is](mailto:ester@fsu.is)

Hópur 6: Halldóra Björk Guðmundsdóttir (HBG) [halldora@fsu.is](mailto:halldora@fsu.is) og Sabína Steinunn Halldórsdóttir (SSH) [sabina@fsu.is](mailto:sabina@fsu.is)

#### Áfangalýsing

Orðið *ergó* er latína og þýðir *þess vegna* eða *þar af leiðir* en áfanginn hefur það megin markmið að þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun. Þá er mikilvægt að leggja sig fram um að mynda sér skoðun og að samhengi sé í hugsuninni, að eitt leiði af öðru með rökum en skoðanir ekki bara gripnar úr lausu lofti. Að vera gagnrýnninn, upplýstur borgari og kunna skil á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna eru mikilsverð markmið áfangans. Lífsleikni er einnig viðfangsefni áfangans en í lífsleikni erum við að þjálfa færni okkar til að takast á við lífið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Inntak og efni lífsleikninnar eru:

1. Við sjálf. Heilsa okkar, hamingja, framkoma, hegðun og líðan.
2. Tengsl okkar við aðra. Að sýna öðrum manneskjum skilning og geta sett sig í spor annarra - að vera þroskaður, félagslega og tilfinningalega.
3. Skólinn okkar og samfélagið þar fyrir utan.

Í áfanganum læra nemendur vinnubrögð sem mikilvæg eru í framhaldsskólanámi, bæði í einstaklingsverkefnum og í hópum. Lögð er áhersla á að kynning verkefna verði með fjölbreyttum hætti og að nemendur fái leiðsögn og æfingu í að kynna verkefni sín.

#### Markmið áfangans:

**Þekkingarviðmið:** Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun
- mikilvægi gagnrýnnar hugsunar
- helstu réttindum og skyldum borgara er lúta að mannréttindum, lýðræði og jafnrétti
- helstu réttindum og skyldum á vinnumarkaði
- áhrifum fjölmiðla/samfélagsmiðla á sjálfsmynd
- upplýsingaöflun og úrvinnslu

**Leikniviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- flytja mál sitt á skýran og áhugaverðan hátt
- skipuleggja og taka þátt í verkefnavinnu
- eiga góð samskipti í hópavinnu
- draga saman aðalatriði og gera grein fyrir þeim
- afla upplýsinga úr heimildum, meta þær og nýta á viðurkenndan hátt
- færa rök fyrir skoðunum sínum og afstöðu
- tengja Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna við málefni líðandi stundar
- setja sig í spor annarra

**Hæfniviðmið:** Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá skoðanir og afstöðu til álitamála með rökum og virðingu fyrir andstæðum sjónarmiðum
- velja sér viðfangsefni við hæfi og gera grein fyrir þeim
- kynna sér viðfangsefni til hlítar
- setja sér markmið með hliðsjón af eigin áhuga og hæfni
- leggja sitt af mörkum í samskiptum og samvinnu

**Námsefni:** Engin kennslubók er í áfanganum en kennarar munu deila rafrænu efni með nemendum yfir önnina.

### Sérreglur áfangans:

- Til að standast áfangann verða nemendur að ná 4,5 að meðaltali fyrir verkefnin. Áfanginn er símatsáfangi sem þýðir að ekki er lokapróf en einkunn er gefin út frá verkefnum. (sjá námsmat).
- Þar sem engin kennslubók er í áfanganum er afar mikilvægt að nemendur mæti vel í tímana og **séu virkir** þar.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um verkefnaskil. **Ef hann missir af hópaverkefni verður hann að skila því sem einstaklingsverkefni** í samráði við kennara.
- **Ef verkefnum er skilað of seint dregst einkunnin niður því lengra sem líður.**
- Allir nemendur eru skráðir í Innu og þar munu verkefni og mikilvægar upplýsingar birtast og því þurfa nemendur að hafa reglulegan aðgang að tölvu. Flestum verkefnum þarf að skila á Innu.
- Símanotkun tengd náminu er leyfileg í samráði við kennara. **Ef nemandi er í símanum án samráðs við kennara má kennari gefa viðkomandi F fyrir kennslustundina.**
- **Fjarvera úr kennslustund lengur en 15 mínútur jafngildir fjarvist nema um annað sé samið.**
- Verkefni unnin af öðrum gefa einkunnina 0 og verða valin verkefni skoðuð með Turnitin

**Námsmat:**

Skil á verkefnum og virkni í tímum er forsenda þess að standast áfangann.




**Áfanginn er símatsáfangi og því gilda ÖLL verkefni til lokaeinkunnar.**


20% Þátttaka og virkni.

60% Verkefnavinna.

20% Hugleiðingabók

**Vinnuáætlun - Ergó A - haustönn 2023**

Dagsetningar:	Viðfangsefni:	Vinnubrögð og verkefni	Heimsmarkmið	
18. ágúst 21.-25. ágúst 28. ágúst-1. sept. 4.-8. sept.	-Námsáætlun áfangans kynnt. -Hópefli -Upplýsingatækni -Gagnrýnin hugsun. -Umgengni í skólanum, flokkunarkerfið o.fl.	-Verkefni um OneDrive -Mynd á INNU -Hópvinna -Myndbandagerð -Myndband um FSu sem samfélag, staðalímyndir/fordóma.		IH TDT
11.-15. sept. 18.-22. sept.	-Kynning á Heimsmarkmiðunum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. -Verður heimurinn betri? - Mannkostamenntun	-Spurningar um Heimsmarkmiðin.  -Mannkostamenntun, verkefni	 <b>HEIMSMARKMIÐIN</b> Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun	AKV RE
25.- 29. sept. 9.-13. okt. 12.-13. okt. er <b>Haustfrí</b>	-Réttindi og skyldur á vinnumarkaði (gestafyrirlesari) -Áhrif samfélagsmiðla -Fjármálalæsi - (gestafyrirlesari) -Skráp	-Ferilskrá. -Kynningarbréf. -Fjármálalæsi.		GBG EI
16.-20. okt. <b>Valdagur og miðannarmat</b> 23.-27. okt. 30. okt-3. nóv.	-Jafnrétti og kynjafræði  -Nemendastýrð viðtöl milli nemenda og kennara.	-Fréttir í hugleiðingabók.  -Tala út frá punktum.		HBG SSH
6.-10. nóv. 13.-17. nóv.	-Borgaravitund	-Verkefni tengd efninu.		EÝJ HPS

20.-24. nóv.	-Mannréttindi -Lýðræði	-Lögreglan kemur í heimsókn.		
27. nóv.-1. des. 4.-6. des.	-Lokaverkefni. -Skráp			RE SSJ

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um góða og skapandi samvinnu,  
16. ágúst 2023,  
Ergókennarar.